



FÉLAG NÁMS- &
STARFSRÁÐGJAFNA

Aðalfundur

Haldinn 29. apríl 2014

Ársskýrsla

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29.apríl 2014

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, fulltrúa norræns samstarfs og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn að Öldugötu 23 í Reykjavík þann 23.apríl 2013. Fundarstjóri var Elísabet Vala Guðmundsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefndar voru færðar þakkir. Talsvert margar lagabreytingar voru samþykktar. Boðið var upp á veitingar í lok fundar.

Helga Helgadóttir, Hraunvallaskóla, var kjörin til formennsku fyrir félagið. Ágústa Björnsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi og Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóla, voru endurkjörnar í stjórn. Gréta Matthíasdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Unnur Símonardóttir, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, og Anna Sigurðardóttir, Myndlistarskólanum í Reykjavík, voru kjörnar nýjar í stjórn.

Úr stjórn gengu Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum Bifröst, Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi og Ólöf Helga Þór, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

Kristín Birna Jónasdóttir, Endurmenntun HÍ, Elísabet Pétursdóttir, Kópavogsskóla, Ingveldur Halla Kristjánsdóttir, Námsflokkunum, Ásdís L. Grétarsdóttir, Hagaskóla og Ingibjörg Kristinsdóttir, Vinnumálastofnun, gáfu kost á sér í fræðslunefnd.

Úr fræðslunefnd gengu: Hrönn Baldursdóttir, FÁ, og Bjarkey Gunnarsdóttir, Fjallaskóla.

Fulltrúum í stjórn og fræðslunefnd eru færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

- Anna G. Hugadóttir, FG, Guðrún Helgadottir, MK, og Björg Kristjánsdóttir, MH, í kjaranefnd FF.
- Sigríður Bíldal, Holtaskóla, og Steinunn Harpa Jónsdóttir, Brekkuskóla, í kjaranefnd FG.
- Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Landbúnaðarháskólinn á Hólum, í kjaranefnd háskóla.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun Vestfjarða, og Heimir Haraldsson, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
- Inga Jóna Þórsdóttir, Iðnskólanum í Hafnarfirði, Hrönn Baldursdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla og Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskóla, í undirbúningsnefnd fyrir Verkið og framhaldsskólakynningu í Kórnum.
- Jónína Ólafsdóttir Kárdal, HÍ, Arnar Þorsteinsson, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Soffía Valdimarsdóttir, Lágafellsskóla, og Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, í rit- og heimasíðunefnd.
- Fríða Elísa Ólafsdóttir, Ártúnsskóla, Margrét Björk Arnardóttir, Árskóla, og Olga Sveinbjörnsdóttir, Vallaskóla, í fagráði grunnskóla.
- Herdís Zophaníasdóttir, MA, Sigurjóna Jónsdóttir, Tækniskólanum, Sesselja Pétursdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, í fagráði framhaldsskóla.
- Gréta Matthíasdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Sólveig Hrafnadóttir, Háskólanum á Akureyri og Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, í fagráði háskóla.
- Anna Lóa Ólafsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, Iðunni og Þóra Friðriksdóttir í fagráði atvinnulífsins.
- Ketill Jósefsson, Vinnumálastofnun, fulltrúi FNS í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
- Helga Helgadottir, Hraunvallaskóla og formaður FNS, Sigrún Garcia Thorarensen, Rimaskóla, Lilja Rós Óskarsdóttir, Mími símenntun, og Drífa Sigurjónsdóttir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, í siðanefnd.
- Helga Helgadottir, Hraunvallaskóla og formaður FNS, í stjórn SÆNS.

Sérlega mikið mæddi á kjaranefnd framhaldsskóla þetta árið vegna verkfalls í framhaldsskólum og þeirri kjarabaráttu sem þar var háð. Einnig lagði undirbúningsnefnd vegna framhaldsskólakynningarinnar í Kórnum mikla vinnu á sig til að gera viðburðinn sem glæsilegastan og gagnlegastan. Ritnefnd bætti heimasíðu FNS til muna og þeirri vinnu verður haldið áfram næsta árið. Aðilum í þessum nefndum viljum við, að öðrum ólöstuðum, þakka sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Ágústa Björnsdóttir gjaldkeri og Þórdís Þórisdóttir, ritari. Ásthildur Guðlaugsdóttir og Gréta Matthíasdóttir, meðstjórnendur. Unnur Símonardóttir og Anna Sigurðardóttir í varastjórn.

Stjórnin hélt 11 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Varastjórn var boðuð á alla fundum og fræðslunefnd á flesta. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd notuðu auk þess rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári: Dagur náms- og starfsráðgjafar, fræðslumál og verkefni fræðslunefndar, framhaldsskólakynningin og Íslandsmót iðn- og verkgreina í Kórnum, kjara- og hagsmunamál, heimasíða FNS, Norræn nefnd um náms- og starfsráðgjöf, félagatal og félagsaðild FNS, fjárreiður og félagsgjöld FNS, styrkir til FNS og önnur mál svo sem umfjöllun um vefgátt (FRÆ og SÆNS), samskipti við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, samskipti við ráðuneyti og fleiri aðila vegna eflingum iðn-, list- og verknáms og ýmsar ályktanir.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Eitt megin hlutverk Félags náms- og starfsráðgjafa er að efla faglegt starf með því m.a. að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Dagur náms- og starfsráðgjafar hefur verið haldinn hátíðlegur undanfarin ár með þetta að leiðarljósi auk þess sem hann ýtir undir samheldni og fag- og stéttarvitund félagsmanna. Í ár var dagur náms- og starfsráðgjafar helgaður iðn-, list- og verknámi. Hér á landi er námsval að loknum grunnskóla fremur einsleitt, langflestir hefja nám í hefðbundnum bóknámsskólum. Að sama skapi er tíðni brottfalls há og hafa líkur verið leiddar að því að tengsl séu þarna á milli. Það er því gífurlega mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar, sama hvar þeir starfa, séu vel að sér um iðn-, list- og verknám og geti leiðbeint skjólstæðingum sínum um námsleiðir og atvinnuumhverfi í þessum greinum. Dagskrá dagsins var unnin í samráði við menntamálaráðuneytið og hafði það megin markmið að gera iðn-, list- og verknámi hátt undir höfði. Fræðslunefnd lagði mikla vinnu í daginn og þakkar stjórn þeim fyrir frábært samstarf. Veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar og hafði áður verið óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Að þessu sinni voru það þau Guðrún Helga Kristinsdóttir og Davíð S. Óskarsson sem hlutu viðurkenningar og eru bæði vel að þeim komin.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntun félagsmanna. Eins og segir í lögum FNS er það eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. 2. október 2013 endurnýjuðu Endurmenntun Háskóla Íslands annars vegar og Félag náms- og starfsráðgjafa hins vegar með sér samning um símenntun fyrir náms- og starfsráðgjafa. Send var út könnun á félagsmenn með greiningu á endurmenntunarpörf þeirra. Á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar verður boðið upp á námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa á skólaárinu 2014-2015.

3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Fræðsludagskrá FNS 2013 - 2014

26. september: Heimsókn í álver ISAL í Straumsvík

Náms- og starfsráðgjafar þáðu heimboð Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Harpa Björg Guðfinnsdóttir leiðtogi fræðslumála tók á móti félagsmönnum og fjallaði um fræðslumál innan fyrirtækisins, starfsmannahald, ráðningar, markmiðssetningar og önnur verkefni fræðsluviðs þ.m.t. fóstrakerfi fyrir nýliða. Sérstakan áhuga vakti Stóriðjuskólinn sem er greinilega rekinn af hvoru tveggja, miklum dugnaði og metnaði. Mæting : 25 félagsmenn.

7. október: Uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf

Hin árlega uppskeruhátíð meistaranema er samstarfsverkefni námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf, félags- og mannvísindadeildar HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hátíðin var haldin í Háskóla Íslands og send út með fjarfundabúnaði. Á dagskránni voru sjö erindi meistaranema kynnt og var yfirskriftin „Leit og val - stefna og stuðningur í námi og starfi“.

Rannsóknir nemenda og kennara við námsbrautina leika lykilhlutverk í eflingu þekkingargrunns greinarinnar og styrkja náms- og starfsráðgjafa í faglegu starfi. Nýbakaðir meistarar leggja þar að auki íslensku samfélagi lið með rannsóknum sínum og aukinni þekkingu á þörfum fólks og því sem gagnast best við náms- og starfsráðgjöf. Uppskeruhátíðin er því tilvalin fyrir starfandi og verðandi náms- og starfsráðgjafa, sem og aðra áhugasama til að kynna sér nýjustu rannsóknir á sviðinu og auka þannig við sína eigin þekkingu. Mæting: 60 félagsmenn.

1. nóvember: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagskráin var glæsileg að vanda en áhersla þetta árið var á verk-, iðn- og listgreinar og þar dagurinn yfirskriftina „Að efla hug og hönd“.

Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, opnaði daginn með stuttu ávarpi sínu „Listin eða Latínu-Gráni? Hvað viltu verða?“ Á eftir honum kom Elín Thorarensen, verkefnastjóri á skrifstofu menntamála í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og kynnti markmið og fyrirkomulag framhaldsskólakynningar í mars 2014. Lilja Sæmundsdóttir, verkefnastjóri Verkiðnar kom og kynnti fyrirkomulag á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem haldið var í byrjun mars 2014. Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Myndlistarskólans í Reykjavík kynnti fyrir okkur starfið í skólanum. Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs kynnti könnun Iðunnar á sýn starfsmanna á iðnstörf og starfsumhverfi sitt.

Eftir hádegið fóru fundargestir í vinnusmiðjur í Iðnskólanum í Hafnarfirði þar sem hægt var að reyna fyrir sér í ýmsum greinum svo sem háriðn, rafiðn, málmíðn og hönnun. Að vinnusmiðjum loknum fengu fundargestir að hlýða á reynslusögur einstaklinga sem lokið hafa list, iðn- eða verknámi og heyra hvernig náms- og starfsþróun þeirra hefur verið. Í lok dagsins kom menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson og ræddi um gildi starfsmenntunar og mikilvægi náms- og starfsfræðslu. Mæting: 90 félagsmenn.

5. desember: Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar og áttu félagsmenn notalega stund og mikið hlegið. Jón Víðis kom öllum á óvart með skemmtilegum töfrabrogðum og töfraði hann félagsmenn í jólaskapið. Mæting: 18 félagsmenn.

30. janúar: Heimsókn í Flugskóla Íslands

Félagsmenn þáðu heimboð í Flugskóla Íslands sem rekinn er í samstarfi við Tækniskólann. Heimsóknin var mjög áhugaverð og fræðandi, Hulda Birna, Hildur og Reynir kynntu þar allt sem máli skiptir í tengslum við flugnám og sköpuðust líflegar umræður um nám og starf allra þeirra sem sjá um að við komumst heilu höldnu yfir hafið og heim aftur. Mæting: 25 félagsmenn.

28. febrúar: Hamingjustund

Haldin var „Hamingjustund“ meðal félagsmanna í húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands. Anna Lóa Ólafsdóttir fræddi okkur um gildi hamingjunnar og hvað áhrif jákvætt hugarfar hefur á líf okkar og störf. Að loknu erindi Önnu fóru félagsmenn á „Happy Hour“ á Mímisbar Hótel Sögu og glöddust saman. Mæting 12 manns.

28. mars: Heimsókn í Keili

Náms- og starfsráðgjafar þáðu heimboð í Keili og voru það Þóra Kristín Snjólfsdóttir, Skúli Freyr Brynjólfsson og Arnbjörn Ómarsson sem tóku á móti hópnum og kynntu hersvæðið, starfsemi þar og skólann Keili. Keilir er nú í húsnæði sem áður var „High School“ bygging hjá Kananum. Hópurinn gekk um svæðið og kynntist starfsemi skólans en skólinn er nú í fararbroddi með vendikennslu eða speglaða kennslu. Hópurinn fékk kynningu á deildum skólans og námsframboði en hann býður uppá íþróttakademíu, flugakademíu, háskólabró og tæknifræðinám til BS gráðu. Mæting: 22 félagsmenn.

Öllum félagsmönnum var boðinn 15% afsláttur af völdum námskeiðum á vormisseri 2014 hjá Endurmenntun HÍ.

Námskeið sem boðið var upp á:

- Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu: Bætt hegðun, betri líðan
- Offita og ofþyngd barna og unglunga - Leiðir að lausnum
- Samskipti foreldra og barna
- Jákvæð sálfræði og styrkleikabjálfun (Coaching) - Nýttu styrkleika þína á nýjan hátt
- Kvíði barna og unglunga - fagnámskeið
- Að verða betri en ég er – að ná hámarksárangri í lífi og starfi

4. Framhaldsskólakynning og Íslandsmót í iðn- og verkgreinum í Kórnum

Íslandsmót iðn- og verkgreina og stór framhaldsskólakynning var haldin í Kórnum dagana 6. til 8. mars 2014. Náms- og starfsráðgjafar fengu tækifæri til að halda nafni félagsins á lofti þessa daga með því að taka virkan þátt í undirbúningi.

Forsaga málsins er að í mars 2013 hafði Þór Pálsson, f.h. stjórnar Verkiðnar, samband við þáverandi formann FNS, Björgu Kristjánsdóttur, auk undirritaðra. Tilgangurinn var að óska eftir fulltrúum félagsins til að vinna að eflingu náms- og starfsfræðslu á Íslandsmótinu eins og gert hafði verið með upplýsingagjöf á síðasta Íslandsmóti sem haldið var í HR árið 2012.

Sent var kynningarbréf um Íslandsmótið frá Verkiðna á póstlista FNS í lok maí 2013. Með þátttöku Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og kynningu framhaldsskólanna stækkaði Íslandsmótið mikið og sendi Elín Thorarensen fulltrúi MMR bréf á póstlistann 10. september til að kynna aðkomu hennar og MMR.

Í október 2013 var rætt við formann FNS til að kynna nefndina og skipulagið framundan og studdi hún og stjórn FNS dyggilega við okkur í allri vinnu.

Við funduðum fjórum sinnum á tímabilinu mars 2013 til janúar 2014 með Framkvæmdastjórn Íslandsmóts iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningar en þar sátu Þór Pálsson, Lilja Sæmundsdóttir, Elín Thorarensen, Ólafur Ásgeirsson og

Björn Ágúst Sigurjónsson. Okkar þáttur á þessum fundum var að ræða aðkomu og þátttöku náms- og starfsráðgjafa að viðburðinum.

Vinna undirbúningsnefndarinnar var margþætt eins og sjá má af listanum hér fyrir neðan.

- Fundarhöld, kynningar og undirbúningur
 - Fundir undirbúningsnefndar um aðkomu
 - Fundir undirbúningsnefndar með öðrum t.d. stjórn FNS, náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum,
 - Fundir með framkvæmdarstjórn
 - Samstarf við kennara í HÍ til að skipuleggja aðkomu meistaranema í náms- og starfsráðgjöf
 - Kynning á viðburðinum fyrir nema í náms- og starfsráðgjöf
 - Kynning á nefndinni á degi náms- og starfsráðgjafa
 - Kynning á viðburðinum í FÁ fyrir alla náms- og starfsráðgjafa
 - Greinaskrif í fréttapésa viðburðarins um ratleik og samkeppni
 - Fjöldi tölvupósta á póstlista FNS til að hvetja félagsmenn til þátttöku og óska eftir sjálfbóðaliðum
 - Ratleikur búinn til, 4 tegundir
 - Yfirlestur kynningarefnis sem sent var til ráðgjafa í grunnskólum
 - Verkefnasamkeppni grunnskólanemenda undirbúin
- Kynningarbásar FNS í Kórnum
 - Fjöldi kynningarbása og staðsetning ákveðin
 - Uppsetning þriggja bása
 - Skipuleggja mönnun þriggja bása
 - Undirbúningur að efni; kynningarmappa útbúin
 - Finna til hluti sem eiga að vera á básum, sbr. borð og töflur
 - Koma hlutum á staðinn og ganga frá
 - Gerð plakata
 - Umsjón með básum á svæðinu, mönnun þeirra, afleysingar og forföll
- Finna sjálfbóðaliða meðal framhaldsskólanema til að taka á móti grunnskólanemendum við komuna í Kórin

Eins og sjá má á þessari upptalningu var að mörgu að hyggja og því reynt að nýta tæknina til að auðvelda vinnuna eins og fjarfundir og sameiginleg google skjöl. Einnig fengu undirritaðar góða aðstoð úr sínum skólum en þeir lánuðu borð og búnað og sáu um flutning þess á sýningarsvæðið og þökkum við fyrir það. Auk þess aðstoðuðu nemendur sem sjálfbóðaliðar á svæðinu og við gerð plakata fyrir FNS-básana.

Hugmyndin að ratleikum var fengin að fyrirmynd frá Akureyri þar sem svipaður viðburður var en þó af allt annarri stærðargráðu. Erfitt reyndist að búa til ratleik sem öllum líkaði, sérstaklega þar sem svæðið var það stórt og einnig þar sem upplýsingar komu seint um hvað væri hægt að sjá og prófa. Einnig hefðu þurft að vera fleiri við

hvert prufu- og sýningarsvæði til að kynna hvað fram fór og einnig virtist undirbúningur grunnskólanemanna ekki vera nógu mikill. Grunnskólar nýttu hugsanlega ekki tækifærið nægilega til að vinna með atburðinn eins og sést á dræmri þátttöku í ratleiknum og verkefnasamkeppninni en hugmynd að henni kom frá sjálfboðaliða úr grunnskóla.

Þetta var mjög gott tækifæri til að kynna okkur og starf okkar og mikilvægt er að nýta þetta tækifæri ef það býðst að nýju. Grunnskólaráðgjafar og nemar í náms- og starfsráðgjöf eiga sérstakt hrós skilið fyrir mönnun básanna.

Samstarf við stjórn FNS var mjög gott og t.d. tóku formaður og gjaldkeri virkan þátt í uppsetningu bása og stjórn lagði m.a. til heilræðaspjöld sem dreift var til gesta. Hugmyndin um heilræðaspjöld var góð og gaf gott tækifæri til að mynda tengsl við gesti og gangandi á svæðinu.

Hrönn Baldursdóttir, Inga Jóna Þórsdóttir, Sigurjóna Jónsdóttir.

5. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum.

Frá fagráði grunnskóla:

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa sitja þrjú fulltrúar fyrir hönd grunnskólastigsins í fagráði. Á þessu starfsári 2013- 2014 var blásið til stórrar framhaldsskólakynningar samhliða Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Kórnum í Kópavogi 6.-8. mars. Þetta var í fyrsta sinn sem þetta fyrirkomulag var haft á framhaldsskólakynningum og var þetta kærkomið tækifæri til að tengja saman skólastigin og atvinnulífið og tókst í alla staði vel. Fulltrúar grunnskólaráðgjafa í fagráði boðuðu ekki til formlegs fundar á árinu meðal almennra félagsmanna en voru í tölvu- og símasambandi og fylgdust með umræðunni meðal félagsmanna meðal annars varðandi hugmyndir um stofnun stéttarfélags. Í apríl kom fram ósk um að halda samráðsfund náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum sem væri vettvangur til að ræða málefni sem brenna á grunnskólaráðgjöfum. Þar sem stutt var í páskafrí og aðalfundur boðaður viku eftir páskafríið varð niðurstaðan sú að fela nýju fagráði að skipuleggja slíkan fund.

Frá fagráði framhaldsskóla:

Fyrirhuguðum fundi á vegum fagráðs var frestað vegna verkfalls í framhaldsskólum. Stefnt er að því að funda í vor eða haust og ræða um skimunarlista vegna brotthvarfs sem eru til notkunar í framhaldsskólunum.

Fagráð háskóla

Fundur féll niður hjá fagráði háskóla.

Fagráð atvinnulífs

Fundur féll niður hjá fagráði atvinnulífs.

6. Kjara- og hagsmunamál

Kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:

Kjaranefnd grunnskóla safnaði upplýsingum um áhersluatriði frá félagsmönnum og kom á framfæri við aðila úr samninganefnd KÍ vegna yfirstandandi samningaviðræðna. Með því var leitast við að koma málum náms- og starfsráðgjafa að í viðræðunum.

Kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:

Fyrir hönd FNS sitja tveir náms- og starfsráðgjafar í samninganefnd FF. Það eru þær Anna Guðrún Hugadóttir og Björg Kristjánsdóttir. Verkefni þeirra er að sitja alla fundi samninganefndar sem eru að jafnaði á tveggja vikna fresti og að fylgja eftir málum sem varða náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum sérstaklega. Kjaramál náms- og starfsráðgjafa eru breytileg milli framhaldsskóla og kemur það til vegna stofnanasamninga skólanna. Hvað varðar sameiginleg mál sem bundin eru í kjarasamningum er stærsta viðfangsefnið núna starfsþjálfunarmál vegna nema á námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við HÍ. Unnið hefur verið í þessu máli undanfarin 2 – 3 ár með dyggri aðstoð Aðalheiðar Steingrímsdóttur fyrirverandi formanns FF. Lítið hefur þokast í málinu á þessu ári. Við báðum FF að reikna út hversu margar stundir HÍ gæti keypt af náms- og starfsráðgjöfum fyrir þær 100.000 kr. sem skólinn telur sig geta greitt. Niðurstaðan var 20 stundir sem er mjög langt frá 220 – 240 stundum sem áætlað var að verja til starfsþjálfunar eða um 25% af heildarnámi nemanna. Boltinn er nú hjá HÍ.

Frá því í janúar stóðu yfir samningaviðræður við ríkið um endurnýjun á kjarasamningi framhaldsskólakennara sem við erum aðilar að. Við sátum fundi samninganefndar þar sem kröfugerðin var samin og gættum þess að náms- og starfsráðgjafa væri getið í þeim greinum sem við átti. Lögð var fram krafa fyrir okkar hönd um að tekið væri upp viðmið um 300 nemendur á hvern ráðgjafa. Megin krafa í samningunum var að laun framhaldsskólakennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum hækkuðu um 17% til að ná sambærilegum kjörum og viðmiðunarhópar sem starfa hjá ríkinu. Viðræðunefnd var skipuð en við áttum ekki fulltrúa í henni. Viðræðunefndin hélt yfir 30 fundi með samninganefnd ríkisins á tímabilinu janúar til mars. Á þessum tíma voru haldnir reglulegir fundir í

samninganefndinni sem við áttum sæti í og hún upplýst um gang viðræðnanna. Í lok febrúar var tekin ákvörðun um að halda atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Mikil þátttaka var í atkvæðagreiðslunni og mikill meirihluti vildi fylgja launakröfunni eftir með verkfalli sem hófst 17. mars. Fundahöld héldu svo áfram og loks voru samningar undirritaðir föstudaginn 4. apríl með tilheyrandi vöflum hjá ríkissáttasemjara. Því miður náðist krafan okkar um 300 nemendur á ráðgjafa ekki fram að þessu sinni og verður áfram baráttumál. Launahækkanir eru umtalsverðar til félagsmanna FF og nálgast að vinna upp á einu ári þau 17% sem lagt var upp með. Í samningnum eru ákvæði um nýtt mat á vinnu framhaldsskólakennara í tengslum við lög um framhaldsskóla 2008 en gildistöku þeirra var frestað til 2015. Þetta mat verður unnið á næstu mánuðum og því þarf að vera lokið í byrjun næsta árs þegar lögin taka gildi. Í framhaldi af þeirri vinnu verða greidd atkvæði um þennan hluta samningsins og fylgja honum frekari launahækkanir ef hann verður samþykktur. Ef hann verður felldur losna samningar og semja þarf aftur. Í tengslum við þessa endurskoðun á kennarastarfinu gætu verið möguleikar á að skilgreina betur starf náms- og starfsráðgjafa og samræma á milli skóla, þetta þarf að kanna. Samningnum fylgir ennfremur bókun þar sem fram kemur að náms- og starfsráðgjafar eigi að fá erindisbréf sem ramar inn starf þeirra. Þetta tæki ætti að gefa möguleika á að skýra hvaða þættir tilheyra starfinu og þar með að fá aukagreiðslur fyrir aðra þætti. Við náms- og starfsráðgjafar þurfum að standa vörð um okkar starf, skoða hvað það er í nýjum lögum um framhaldsskóla sem hefur áhrif á okkar starfsumhverfi og koma því á framfæri við viðkomandi aðila.

Samningurinn var lagður fram til samþykktar eða synjunar fyrir félagsmenn í FF og samþykktur með mjög góðri þátttöku.

Í tengslum við þessa samninga hafa verið miklar vangaveltur um stöðu okkar innan FF (KÍ) þar sem starf okkar náms- og starfsráðgjafa er mjög ólíkt starfi kennara sem við erum í félagi með. Upp hafa komið hugmyndir um að stofna félagsdeild eins og kennarafélög framhaldsskólanna sem mynda FF, stofna sérstakt félag eins og Félag stjórnenda innan KÍ eða að ganga úr FF (KÍ) og leita eftir inngöngu í BHM. Mikil þörf er á að skoða mjög vel hvaða möguleikar eru í stöðunni og hvar hag okkar náms- og starfsráðgjafa er best borgið.

Kjara- og hagsmunanefnd háskólastigs

Kjaranefnd háskólastigsins hefði mátt vera virkari en mjög miður er að einungis einn aðili, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, sitji í kjaranefnd háskólastigsins og kemur það niður á virkninni.

Frumkvæði var haft á fundi með aðilum allra kjaranefnda FNS. Ekki gátu allir mætt á fundinn en fundað var í gegnum Skype. Steinunn Harpa Jónsdóttir, Sigríður Bíldal, Heimir Haraldsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir tóku þátt í fundinum. Þar kom fram vilji manna til að kanna möguleika á sameiginlegu kjarafélagi þar sem ekki þótti nægjanlega mikill kraftur í kjarabaráttu okkar eins og hún er í dag. Fulltrúi atvinnulífsins var hins vegar ekki viss hver viðbrögð hans félaga yrðu þar sem

hugsast gæti að kjör þeirra myndu versna við þetta miðað við þau kjör sem nú er verið að bjóða náms- og starfsráðgjöfum á öllum skólastigum.

Fulltrúi kjaranefndar hafði samband við aðila innan KÍ til að kanna óformlega hvort möguleiki væri á að stofnað yrði sérstakt félag fyrir náms- og starfsráðgjafa innan þeirra vébanda. Mjög jákvæð viðbrögð fengust við þeirri eftirgrennslan.

Því miður varð ekkert af því að fylgja þessum erindum eftir.

Kjara- og hagsmunanefnd atvinnulífs

Fulltrúi kjaranefndar atvinnulífsins fundaði með öðrum kjaranefndum, sbr. textann hér ofar.

7. Vefsíða FNS

Jónína Kárdal og Arnar Þorsteinsson höfðu umsjón með vefsíðu félagsins www.fns.is á starfsárinu í samvinnu við nýstofnaða ritnefnd sem í sátu þær Anna Lóa Ólafsdóttir og Soffía Valdimarsdóttir. Einnig fylgdi með umsjón félagatals í samvinnu við gjaldkera.

Vefsíða FNS gegnir því mikilvæga hlutverki gagnvart félagsmönnum að miðla upplýsingum um starfsemi innan og utan félagsins ásamt því að flytja skilaboð frá stjórn FNS. Um leið er vefur FNS vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við almenning og stjórnvöld um framlag fræða og fags í náms- og starfsráðgjöf. Vefsíða FNS býður ekki einungis upp á að flytja fregnir af starfsemi félagsins heldur getur hún gegnt hlutverki gagnasafns þar sem hægt er að vista faggreinar sem félagsmenn geta sótt.

Á árinu var lagt í bráðabirgða uppfærslu á vefnum en til stendur að ráðast í frekari breytingar þegar ný útgáfa vefumsjónarkerfisins verður aðgengileg eftir um tvö ár. Fram að því verður áhersla lögð á fréttir af starfinu, yfirlit þess sem er á döfinni hverju sinni og að safna saman alls kyns efni sem eðlilegt er að sé félagsmönnum aðgengilegt. Má nefna nýjungar á borð við Félagsmaður í fókus og tengingu við Fésbókarsíðu félagsins auk þess sem lokaritgerðir meistaranema og fundargerðir stjórnar eru nú aðgengilegar.

Mikilvægt er að sem flestir félagsmenn leggi til fréttir og annað efni á heimasíðuna. Þannig verður starfið og fagið sýnilegra fyrir alla aðila. Öllum þeim sem hafa tekið vel í beiðni um viðtöl og lagt til efni nú þegar er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.

8. Félagatal og félagsaðild.

Alls voru 313 félagsmenn á skrá í mars 2014 en samkvæmt lögum verður 21 félagsmaður tekinn af skrá vegna ógreiddra félagsgjalda þetta árið.

Félagatal FNS telur því í apríl 291 félagsmann og þar af eru 33 nýjir á skrá.

Nauðsynlegt er að finna leiðir til að gera félagatalið nákvæmara og tryggja að þar séu félagsmenn skráðir með réttum hætti t.d. vinnustaðir og netföng. Lokaða svæðið á heimasíðu FNS, þar sem hægt er að uppfæra þessar upplýsingar, er illa nýtt og því þarf að finna aðrar leiðir. Tillaga gjaldkera, sem heldur utan um félagatalið, er að nöfn, vinnustaðir og netföng félagsmanna séu gerð opinber á síðu FNS og félagsmenn geta þá tilkynnt umsjónarmanni ef breytingar hafa orðið eða upplýsingar ekki rétt skráðar. Þetta fyrirkomulag gæti líka auðveldað tengslamyndun á milli ráðgjafa, hægt er að sjá fjölda ráðgjafa og dreifingu þeirra í atvinnulífinu. Gott væri ef aðalfundur gæti tekið afstöðu til þessa eða komið með aðrar og betri tillögur að auknum sýnileika og aðgengi félagatals.

Félagsgjöld voru hækkuð úr 3000 í 4500 kr. á milli ára. Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2013 er byggður á bókhaldi félagsins.

Að lokum er mikilvægt að aðalfundur velti fyrir sér þeirri spurningu hvort færa eigi fé af gjaldeyrisreikningum félagsins inn á aðra hentugri reikninga, því styrking krónunnar hefur haft í för með sér vaxtatekjutap á þessum reikningum undanfarna mánuði.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

9. Fjárreiður og félagsgjöld.

Félagsgjöld voru hækkuð úr 3000 í 4500 kr. á milli ára og jukust tekjur af félagsgjöldum um rúm 300 þúsund á milli árána 2012 – 2013. Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2013 er byggður á bókhaldi félagsins.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

10. Styrkir.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

11. Norrænt samstarf:

Undirritaður sótti vorkund norrænna náms- og starfsráðgjafa (NFSY) 7. – 9. apríl 2013 sem var haldinn í Osló. Varamaður Ólöf Helga Þór kom líka með. Hver þjóð gegnir formannsembætti til tveggja ára og áttu Íslendingar að taka við nú í vor 2014.

Undirritaður gerði skýra grein fyrir að við gætum ekki tekið við þessu embætti vegna bágrar fjárhagsstöðu og því til skýringar nefndi undirritaður efnahagslegt hrun, gengisfall ísl. krónunnar auk gjaldeyrishafta sem við búum enn við o.fl. Á undan ræddi undirritaður við finnsku fulltrúana vegna þess að Finnland átti síðan að taka við formannsstöðunni á eftir okkur. Sem betur fer tóku Finnarnir vel í málið og voru tilbúnir að axla þessa ábyrgð.

Undirritaður sótti einnig haustfund norrænu samtakanna sem í þetta skiptið var haldinn í frönsku borginni Montpellier þann 26. september sl. í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu IAEVG þar sem þema ráðstefnunnar var: Career counselling: a human or a citizen's right? Norðmenn hafa á sinni formannstíð haldið haustfundina utan Norðurlanda og þá í tengslum við alþjóðlegar ráðstefnur fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Á haustfundinum lét undirritaður í ljós áhyggjur af fjárhagslegri stöðu okkar félags hér heima auk nokkurra annarra landa eins og í Færeyjum, á Álandseyjum og á Grænlandi. Við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir þessu. Fulltrúar Dana og Svía tóku undir þetta og sögðu að þetta þyrfti að endurskoða og halda þá frekar fundi með fjarfundabúnaði. Dönsku fulltrúarnir auk íslenska fulltrúans lögðu til að samtök norrænna náms- og starfsráðgjafa stæðu fyrir ráðstefnu um t.d vinnu yfir landamærin (arbejde over grænsen) og „drop outs“ þeir sem detta úr námi í framhaldsskóla einhverra hluta vegna. Er þetta mögulegt til að kynna starf okkar o.s.frv.

Undirritaður sækir nú vorkund NFSY sem verður haldinn í Oslo (Gardemoen) þann 24. apríl þar sem Finnar munu taka við formannsembættinu næstu tvö ár.

Með kveðju, Ketill G. Jósefsson

12. Siðanefnd:

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, þar af einum úr stjórn félagsins. Á þessu starfsári 2013-2014 eru átta ár liðin frá því að félagið setti sér siðareglur.

Siðanefnd sendi beiðni til Siðfræðistofnunar HÍ um að siðareglur félagsins birtust þar eins og siðareglur margra annarra starfsstétta.

Mögulegt framtíðarverkefni fyrir siðanefnd er að yfirfara reglurnar og bæta eða breyta þeim með tilliti til nýjunga í starfi og álitafna sem geta komið upp eins og t.d. í rafrænni ráðgjöf.

13. Önnur verkefni

Stjórn FNS kemur að hinum ýmsu verkefnum og samstarfi við marga aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) samstarf við SÆNS, Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, en þar hefur formaður FNS átt sæti í stjórn auk þess sem stjórn FNS hefur í tvígang fundað með aðilum SÆNS og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna vefgáttarverkefnisins svokallaða. Í stuttu máli er vinna við vefsíðu með upplýsingum um nám og störf, fræðsluefni og ráðgjöf vel á veg komin en hefur stöðvað vegna niðurfellingar svokallaðra IPA styrkja frá Evrópusambandinu. Stjórn FNS vill leggja sitt af mörkum til að þrýsta á að hægt verði að ljúka þessu þarfa verkefni. Formaður FNS mun m.a. funda með menntamálaráðherra, Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur og Arnari Þorsteinssyni vegna málsins í lok apríl.
- b) verkefnið Skólar í fremstu röð en Samtök íslenskra sveitafélaga óskaði eftir tveimur fulltrúum FNS til að taka þátt í vinnufundum um skólastarf á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða vinnunnar var birt í tveimur skýrslum sem komu út í apríl 2014 og má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://ssh.is/skolar-i-fremstu-rod-2>
- c) starfsþjálfun nema í náms- og starfsráðgjöf en stjórn fundaði með námsbraut í náms- og starfsráðgjöf á árinu. Vilji er milli beggja aðila að ná lendingu í þessu máli en enn hefur ekki fengist niðurstaða. Samningsumboð er ekki í höndum FNS eða námsbrautar.
- d) fund um nýja styrkjaáætlun Evrópusambandsins, ERASMUS+, en nokkrir náms- og starfsráðgjafar tóku þar þátt í pallborðsumræðum
- e) kjaramál í víðum skilningi en á heimasíðu FNS má t.a.m. sjá niðurstöður úr könnun sem gerð var á vegum Endurmenntunar HÍ þar sem m.a. var spurt um hug félagsmanna til stofnunar stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa. Stjórn, ásamt aðila úr kjaranefnd, fundaði jafnframt með BHM til að kanna þennan möguleika og var okkur vel tekið. Þessi mál þarf að skoða gaumgæfilega á komandi starfsári.
- f) þátttöku FNS á fundi SEF (samstarf um endurmenntun framhaldsskóla) en þangað fóru tveir aðilar úr stjórn þar sem m.a. var farið yfir breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins.

- g) fund formanns með ráðherra og Guðbjörgu Vilhjálms þar sem rætt var um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og fræðslu m.a. til að vinna gegn brottfalli úr námi.

Lokaorð:

Nú er 33. starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa að ljúka. Þetta fyrsta ár mitt sem formaður félagsins hefur allt í senn verið viðburðaríkt, gefandi og krefjandi. Ég verð að játa að þar til nú hef ég ekki gert mér fyllilega grein fyrir því hve gróskumikið starf er unnið innan félagsins en það er svo sannarlega raunin. Fjöldi félagsmanna situr í stjórn og nefndum og þar fyrir utan eru margir tilbúnir að leggja hönd á plóg þegar á þarf að halda. Þetta kom berlega í ljós á Íslandsmótinu í iðn- og verkgreinum og stóru framhaldsskólakynningunni sem haldin var í Kórnum fyrr á árinu en náms- og starfsráðgjafar gegndu áberandi og mikilvægu hlutverki þá daga sem kynningin fór fram. Að því sögðu þá hefur það einmitt mikið verið rætt í stjórn og nefndum á árinu hvernig við getum gert okkur, náms- og starfsráðgjafa, enn sýnilegri og voru nokkur skref stigin í þá átt á árinu. Í fyrsta lagi má nefna að ákveðið var, í samráði við rit- og heimasíðunefnd, að setja fjármagn í að uppfæra heimasíðu félagsins, gera hana aðgengilegri og setja þar inn meira efni. Betur má ef duga skal hvað varðar þetta síðast nefnda og kalla ég eftir því að félagsmenn leggist á eitt við að halda síðunni lifandi með því að senda inn greinar, fréttir, efni í verkfærakistuna o.s.frv. Einnig voru útbúnir tveir auglýsingaborðar með merki félagsins og fengum við styrk frá Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar til að hrinda því í framkvæmd. Evrópumíðstöðin hefur reynst okkur haukur í horni og styrkti okkur einnig við gerð heilræðaspjalda sem framleidd voru í tengslum við framhaldsskólakynninguna sem og á degi náms- og starfsráðgjafar. Þá lét stjórn útbúa þrjá fána með merki félagsins sem flaggað var í Kórnum og við hyggjumst nota við hátíðleg tækifæri í framtíðinni. Bæði meðlimir stjórnar sem og aðrir félagsmenn hafa skrifað greinar í dagblöð, komið fram í útvarpsviðtölum og nýtt öll þau tækifæri sem gefist hafa til að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem náms- og starfsráðgjafar sinna á hinum ýmsu stöðum í Þjóðfélaginu.

Efling iðn-, list- og verkgreinanáms hefur verið gegnumgangandi þema í störfum félagsins á árinu og er það ánægjulegt. Atburðir sem hin ötula fræðslunefnd hefur skipulagt tengjast margir námi í slíkum greinum og ber þar hæst Dag náms- og starfsráðgjafar, sem bar yfirskriftina Að efla hug og hönd, sem og fyrrnefndan atburð í Kórnum. Báðir atburðirnir voru skipulagðir í góðu samstarfi við menntamálaráðuneytið.

Þó margt hafi unnist á árinu liggja líka mörg verkefni fyrir. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því, á vegum Sérfræðiseturs um ævilanga náms- og starfsráðgjöf og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, að útbúa vefsíðu þar sem upplýsingar um nám og

störf væru aðgengilegar öllum á einum stað. Til að fjármagna verkefnið fékkst svokallaður IPA styrkur frá Evrópusambandinu. Sá styrkur hefur nú verið afturkallaður og ríður á að FNS ásamt öllum hagsmunaaðilum myndi þrýsting á stjórnvöld til að ljúka megi þessu metnaðarfulla og mikilvæga verki.

Stjórn FNS hefur margsinnis rætt á árinu hvernig efla megi tengsl náms- og starfsráðgjafa um land allt. Eftir samtöl við kollega á landsbyggðinni er okkur ljóst að við þurfum að efla rafræn samskipti og nýta þá miðla sem hægt er að nota án landamæra ef svo má að orði komast. Fésbókarsíða félagsins er fyrsta skrefið í rétta átt en stjórnin hyggst eiga áframhaldandi samtal við félagsmenn af landsbyggðinni og vinna að því að koma þessum samskiptum í betri farveg. Stjórn hefur verið í samband við áhugasama aðila sem ætla að verða henni innan handar við þetta þarfa verkefni.

Kjaramál hafa verið í brennidepli á árinu. Kjaranefnd framhaldsskóla stóð í ströngu þegar Félag framhaldsskólakennara boðaði verkfall og lagði í kjölfarið niður störf. Umræða um stofnun sérstaks stéttarfélags fyrir náms- og starfsráðgjafa hefur verið hávær. Félagsmenn fengu senda könnun þar sem m.a. var spurt um viðhorf þeirra til þessa málaflokks. Niðurstöður benda eindregið til þess að okkur beri að kanna allar hliðar á þessum teningi og verður unnið að því á næsta starfsári.

Það er engin lognmolla framundan og við verðum að láta hendur standa fram úr ermum, öll sem eitt.

Að lokum vil ég þakka ykkur öllum fyrir gott og gjöfult samstarf á árinu.

Með kveðju,
Helga Helgadóttir,
formaður FNS.